

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Tómasarhagi 24.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 3. maí 2019, breytingu á deiliskipulagi Fálkagötureits vegna lóðarinnar nr. 24 við Tómasarhaga. Í breytingunni felst að settur er inn byggingarreitur á lóð fyrir bílageymslu og nýtingarhlutfall hækkað í samræmi við það. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vonarstræti 4/Lækjargata 12.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 12. apríl 2019, breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu 10-12, Vonarstrætis 4 og 4b og Skólalbrúar 2 vegna lóðarinnar nr. 4 við Vonarstræti. Í breytingunni felst að heimilt er að hækka mænishæð á þaki hússins og setja fimm nýja kvisti. Heimilt verður að útbúa fjögur ný hótélherbergi á breyttri þakhæð og mun hæðin samtengjast efstu hæð nýbyggingar er liggur samsíða henni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skúlagata 28.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 7. september 2018, breytingu á deiliskipulagi Barónsreits vegna lóðarinnar nr. 28 við Skúlagötu. Ýmsar breytingar eru gerðar á byggingarreitum m.a. er 6. hæðin stækkuð til suðurs, bætt við byggingarreit fyrir glerskála í inngarð og byggingarreitur til vesturs minnkaður. Einnig er breytt heimild til nýtingar kjallararýma úr bílageymslu í fjölþættari notkun. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 9. maí 2019.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2019